

388

Í þennan helga Herrans sal



unis. G Dm/F Em C F#°/A G A/G D

1. Í þenn - an helg - a Herr - ans sal vort hjart - a leit - a grið - a skal
 2. Í þenn - an helg - a Herr - ans sal úr heims - ins glaum - i ber - a skal
 3. Í þenn - an helg - a Herr - ans sal úr heims - ins soll - i gang - a skal
 4. Og hér skal vígt hvert heil - agt band til heill - a fyr - ir þjóð og land

F#m Bm Em Am F C D Em Am C Gm Dm/F C F 1.-6. D⁵

því út - i herj - ar heift og stríð en hér er ei - líf blíð - u - tíð.
 vor börn að skærr - i skírn - ar - lind að skap - ist þau í nýrr - i mynd.
 hinn ung - i fram, svo fest - i eið að finn - ast trúr í lífi' og deyð.
 og hér skal til - reitt Herr - ans borð og hér skal boð - að lífs - ins orð.

7. Dsus4 D

við.
 halt því við.

5. Það orð sem græðir öll vor mein,
 það orð sem vermir kaldan stein,
 það orð sem kveikir kraft og móð
 og kallar líf í dauða þjóð.

6. Svo kom þú hingað, kristin sál,
 ó, kom með heilög lofsöngsmál,
 kom hingað klökk og hjartans fús,
 í heimi finnst ei betra hús.

7. Og þetta húsið helgum vér,
 ó, himna Drottinn, einum þér
 í Jesú trú með Jesú frið,
 í Jesú nafni halt því við.